

Auglýsing frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti,
mennta- og menningarmálaráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, og
velferðarráðuneyti

Umsóknir um styrki á safnliðum ráðuneyta samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2013

Umsóknarfrestur er til miðnættis 20. nóvember 2012

Á fjárlögum ársins 2012 var fyrirkomulagi við úthlutun styrkja til félaga, samtaka og einstaklinga breytt hvað varðar aðkomu fjárlaganefndar Alþingis. Ákvörðun um framlag til einstakra málaflokka fer þó eftir samþykki Alþingis í fjárlögum 2013.

Ráðuneytin munu einungis úthluta styrkjum til verkefna sem falla undir málefnasvið þeirra að svo miklu leyti sem þau falla ekki undir lögbundna sjóði eða samninga, svo sem menningarsamninga eða vaxtarsamninga. Því er mikilvægt að umsækjendur kynni sér vel hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á þeim málaflokki sem verkefni umsækjanda um styrk fellur undir. Verkefni eru einungis styrkhæf í einu ráðuneyti og áskilja ráðuneyti sér rétt til að færa umsóknir á milli ráðuneyta falli verkefni betur að málaflokki í öðru ráðuneyti.

Mat á umsóknum.

Starfshópur metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir verkefnasvið ráðuneytis almennt. Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

- a) gildi og mikilvægi verkefnis fyrir starfsemi viðkomandi málaflokks,
- b) gildi og mikilvægi fyrir kynningu og markaðssetningu viðkomandi málaflokks,
- c) að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem verkefnið miðar að,
- d) starfsferli og faglegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda,
- e) fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk til verkefnis þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn komi til greina eða eins og kveðið er á um í samkomulagi vegna fyrri styrkveitinga.

Við mat á umsóknum er starfshópnum heimilt að leita umsagnar fagaðila, gerist þess þörf.

Ákvörðun um úthlutun mun liggja fyrir eigi síðar en 31. janúar 2013.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins (<http://minarsidur.stjr.is>). Nánari upplýsingar má finna á vef viðkomandi ráðuneytis.

Verkefni eftir ráðuneytum:

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Stuðningur við áhugahópa og faglegt starf

Veittir eru styrkir til að styðja við aðila utan ríkisstofnana sem starfa á verkefnasviði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og njóta ekki framlaga á fjárlögum.

Velferðarráðuneyti

Styrkir til félagasamtaka

Veittir eru styrkir til félagasamtaka sem starfa á verkefnasviði ráðuneytisins. Styrkirnir eru fyrst og fremst ætlaðir til að styðja við ráðgjöf og stuðning félagasamtakanna við umbjóðendur sína.

Verkefnastyrkir á sviði velferðarmála

Veittir eru styrkir til félagasamtaka vegna verkefna og aðgerða sem falla að verkefnasviði ráðuneytisins.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Verkefnastyrkir á sviði umhverfis- og auðlindamála

Veittir eru styrkir til að styðja við verkefni á vegum aðila utan ríkisstofnana sem starfa á verkefnasviði umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Rekstrarstyrkir til frjálsra félagasamtaka

Veittir eru rekstrarstyrkir til frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og auðlindamála til að stuðla að opnum og frjálsum skoðanaskiptum um umhverfis- og auðlindamál og til að efla almenna vitund um gildi umhverfis- og náttúruverndar.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Styrkir á sviði listgreina

Veitt eru framlög til félagasamtaka og annarra aðila sem starfa á sviði lista og eru ekki aðilar að menningarsamningum né hafa aðgang að sjóðum.

Styrkir á sviði menningararfs

Veitt eru framlög til félagasamtaka og annarra aðila sem starfa að varðveislu menningarminja og eru ekki aðilar að menningarsamningum né hafa aðgang að sjóðum.

Styrkir til uppbyggingar landsmótsstaða

Veitt eru framlög til að styðja við uppbyggingu á landsmótssvæðum í samstarfi við sveitarfélög og fleiri aðila.